

## TILLÖGUR AÐ BREYTINGUM Á

### Reglugerð Sjúkrasjóðs Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni

#### 4. gr. Stjórn og rekstur

- 4.1. Stjórn sjóðsins er skipuð fimm mönnum og er formaður félagsins sjálfkjörinn formaður sjóðsstjórnar. Hinir fjórir stjórnarmennirnir og þrír varamenn skulu kosnir **árlega með sama hætti og stjórn FVSA** og ber stjórnin ábyrgð á öllum fjárreiðum sjóðsins.
- 4.2. Stjórnun sjóðsins skal vera í samræmi við þau sjónarmið sem gilda skv. Almennum stjórnarsýslureglum.
- 4.3. Heimilt er að fela skrifstofu FVSA fjárreiður og umsjón með sjóðnum. Þó skal halda bókhaldi sjóðsins aðskildu frá öðrum fjárreiðum FVSA.
- 4.4. Ávallt skulu liggja fyrir gögn um rétt einstaklings til greiðslu úr sjóðnum.

#### 9. gr. Grundvöllur styrkveitinga úr sjúkrasjóði

- 9.1. Rétt til styrkveitinga úr sjóðnum eiga þeir sem fullnægja eftirtöldum skilyrðum, sbr. Þó gr.12.10
- 9.2. Einungis þeir sem sannanlega greiða eða er greitt af til sjóðsins og verið er að greiða fyrir til sjóðsins þegar réttur til aðstoðar myndast.
- ~~9.3. Þeir sem greidd hafa verið af til sjóðsins 1% iðgjöld í a.m.k. 6 mánuði.~~  
**9.3. Af þeim sem greidd hafa verið 1% iðgjöld til sjóðsins í a.m.k. 6 mánuði.**
- 9.4. Hafi umsækjandi verið fullgildur aðili í sjúkrasjóði annars félags innan ASÍ þar til hann byrjar greiðslu til sjóðsins, sbr. 10. gr.
- 9.5. Hafi iðgjöld til sjúkrasjóðs ekki verið greidd vegna sjóðfélaga, en hann getur fært sönnur á, að félagsgjöld til viðkomandi aðildarfélags hafi samkvæmt reglulega útgefnum launaseðlum verið dregin af launum hans síðustu 6 mánuði, skal hann njóta réttar eins og iðgjöld til sjúkrasjóðs hafi verið greidd
- 9.6. Almennt skapast ekki réttindi í Sjúkrasjóði FVSA með iðgjaldagreiðslum af atvinnuleysisbótum eða fæðingarorlofsgreiðslum, nema hjá þeim sem voru félagar í FVSA þegar þeir misstu vinnu og sóttu um atvinnuleysisbætur eða hófu töku fæðingarorlofs. Heimilt er þó að veita slík réttindi í Sjúkrasjóði FVSA þeim atvinnuleitendum sem greitt hafa félagsgjald til FVSA í a.m.k. 36 mánuði af síðustu 60 mánuðum fyrir skráningu á atvinnuleysisrá.**
- 9.7. Sjúkradagpeningar úr Sjúkrasjóði FVSA greiðast mánaðarlega og skulu umsóknir berast á eyðublöðum sem liggja frammi á skrifstofu og á vef FVSA, ásamt nauðsynlegum vottorðum fyrir 25. hvers mánaðar til að greiðsla geti borist 1. dag mánaðarins á eftir. Berist ekki fullnægjandi gögn eða upplýsingar skal ákvörðun um samþykki eða höfnun frestað þar til umbeðin gögn hafa borist.**

## 10 gr. Samskipti sjúkrasjóða

10.1. Sá sem öðlast hefur rétt til greiðslu sjúkra- og slysadagpeninga úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags, öðlast þann rétt hjá nýjum sjóði skv. þeim reglum sem þar gilda eftir að hafa greitt í þann sjóð í einn mánuð, enda hafi hann fram að því átt rétt hjá fyrri sjóðnum.

10.1. Sá aðili sem öðlast hefur rétt til greiðslu úr sjúkrasjóði eins verkalýðsfélags innan ASÍ öðlast rétt hjá Sjúkrasjóði FVSA, eftir að greitt hefur verið vegna hans til sjóðsins í einn mánuð, enda hafði hann fram að því átt rétt hjá fyrra félaginu.

## 15. gr. Fyrning bótaréttar

15.1. Réttur til bóta eða styrkja úr sjúkrasjóði skv. reglugerð þessari fellur niður sé þeirra ekki vitjað innan 12 mánaða frá því að rétturinn stofnaðist.

15.2. Greiðslur styrkja úr Sjúkrasjóði falla niður um leið og félagsmaður hættir að greiða í félagið.

15.3. Stjórn sjóðsins er heimilt að ákveða rýmri reglur varðandi styrkveitingar en fram kemur í grein 15.2.

Þannig samþykkt á aðalfundi Félags verslunar- og skrifstofufólks Akureyri og nágrenni  
24.02.2025